

Nd.

101. Frumvarp til umferðarlaga.

[18. mál]

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 22 með þessum breytingum:

20. gr. hljóðar svo:

Nú kemur í ljós, að skráningarskyld ökutæki fullnægir ekki lögum og reglum, eða er eigi fært til skoðunar, þegar krafizt er, og getur þá lögreglustjóri bannað notkun þess og tekið af því skráningarmerki, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt var eða vanrækt. Skal þá eftirlitsmaður skoða ökutækið, áður en skráningarmerkin eru afhent aftur.

Heimilt er lögreglustjóra að afskrá ökutæki án samþykkis eiganda, ef það er ónýtt að dómi eftirlitsmanns. Tilkynna skal nafnskráðum réttihöfum ökutækisins um afskráninguna með hæfilegum fyrirvara.

Nú vill eigandi ökutækis fá það afskráð, og skal þá því aðeins sinna þeirri beiðni, að telja megi ökutækið ónýtt.

23. gr. hljóðar svo:

Erlend ökutæki, sem nota má hér á landi um stundarsakir samkvæmt alþjóðasamningum, sem Ísland er aðili að, skulu fullnægja ákvæðum 5.—10. gr. Ökutæki, sem eru skráningarskyld samkvæmt 11. gr., má nota án skráningar hér á landi, ef þau eru löglega skráð í heimalandi, enda sé á þeim þjóðernismerki, auk skráningarmerkis, sbr. þó 3. mgr.

Í reglugerð skal kveðið á um eftirlit með erlendum ökutækjum, hve lengi þau mega vera hér á landi, tilkynningu þeirra og skráningu.

Ef eigandi (umráðamaður) skráningarskylds ökutækis, sem flutt hefur verið hingað frá útlöndum, er búsettur hér á landi, skal skrá ökutækið hjá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða afhenda honum skráningarmerki þess innan hálf mánaðar, eftir að það kom til landsins. Taki eigandi (umráðamaður) hins erlenda ökutækis sér búsetu hér á landi, eða ef ökutækið verður eign aðila, sem hér er búsettur, skal skrá ökutækið eða afhenda hin erlendu skráningarmerki innan hálf mánaðar.

50. gr. hljóðar svo:

Í þéttbýli má eigi aka hraðar en 45 km á klukkustund.

Útan þéttbýlis má eigi aka hraðar en 70 km á klukkustund.

Almenningsvögnum, sem flytja mega 10 farþega eða fleiri, og vörubifreiðum, sem eru 3,5 smálestir eða meira að heildarþyngd, má þó eigi aka hraðar en 60 km á klukkustund. Bifreiðum, sem draga tengi- eða festivagna, má eigi aka hraðar en 45 km á klukkustund.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um ökuhraða, þar á meðal ákveðið lægri hámarkshraða almennt en að framan greinir eða á einstökum vegum. Í kaupstöðum og kaupúnum má setja slíkar reglur í lögreglusamþykktum.

89. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1958.